

Ársskýrsla DHE 2022

5. janúar: Sótt um styrki fyrir leigu á sal (100 þ.) starfsemi deildar (300 þ.) Samþykkt af Fih
14. feb.

14. febrúar: Stjórnarfundur haldin á zoom. Undirbúningur fyrir aðalfund

16. mars: Aðalfundur DHE haldinn í sal Lions við Skipagötu 14. Venjuleg aðalfundarstörf. Kosning stjórnarmeðlims. Jóhanna María Oddsdóttir hætti í stjórn og Hannesína Scheving bauð sig fram og var samþykkt. Sitjandi formaður bauð sig fram áfram til næstu tveggja ára og var samþykkt. Samkvæmt lögum félagsins er þetta síðasta tímabil sem hún gegnir formennsku. Fundargestir voru alls 50 að stjórn meðtaldri. Ákveðið var að hækka árgjald úr 2500 kr. í 3000 kr. Árið var tileinkað fræðslu um sykursýki týpu 1 og 2. Eva Hilmarsdóttir hjúkrunarfræðingur hélt fyrirlestur um insúlíndælu og notkun þeirra. Sigurður Páll Gunnarsson ræddi um reynslu sína af því að vera með insúlíndælu. Fíllinn skemmtikraftur var með uppistand.

29. apríl: Stjórnarfundur haldinn á Múlabergi.

7. október: Stjórnarfundur haldinn á teams í húsnæði heimahjúkrunar. Undirbúningur óvissuferðar.

7. nóvember: Stjórnarfundur haldinn á Bláu könnunni, undirbúningur óvissuferðar, lokafrágangur og skipulag.

11. nóvember: Óvissuferð/menningarferð í Fjallabyggð. Heilbrigðistofnun Norðurlands í Fjallabyggð tók á móti hópnum og kynnti starfsemi sína og húsnæði sitt á Siglufirði. Haldið var í bruggverksmiðjuna Segul og þaðan á matsölustaðin Höfnina þar sem boðið var upp á kvöldverð. Starfsmaður Citocare kynnti þar fyrir okkur vörur þeirra. 35 manns voru í ferðinni og tókst hún með endemum vel.

Stjórn skipa:

Lóa Maja Stefánsdóttir Formaður

Kristjana Þórisdóttir Gjaldkeri

Hannesína Scheving Ritari

Eva Björg Guðmundsdóttir

Gyða Sjöfn Njálsdóttir

Júlía Matthildur Brynjólfsson